

Ed.

186. Frumvarp til laga

[166. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður er orðist svo:

Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagsbanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutfé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagsbanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. janúar 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5 af hundraði hlutafjár.

Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. desember 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.

Viðskiptaráðherra fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reynslan af því rekstrarfyrirkomulagi bankastarfseminnar, sem sparifjareigendum hefur staðið til boða síðast liðin 50 ár, hefur sýnt og sannað að ekki er siðferðilega verjandi að standa lengur að því af löggjafans hálfu að sparifé landsmanna eða skattfé sé misnotað með þeim hætti sem ríkisvaldið hefur gert og gerir enn í gegnum ríkisbankana.